

AUGLÝSING

um flutningsjöfnunargjald á olíuvörum.

Á grundvelli laga nr. 103/1994 um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara tilkynnir Byggðastofnun að flutningsjöfnunargjald á neðangreindum olíuvörum verður sem hér segir frá og með 1. janúar 2017 og gildir gjaldið þar til annað verður ákveðið:

Bifreiðabensín	0,57 kr. á lítra
Gasolía	0,76 kr. á lítra
Aðrar olíur og blöndur til brennslu	0,05 kr. á kg
Flugvélabensín	0,12 kr. á lítra
Flugsteinolía (þotueldsneyti)	0,12 kr. á lítra

Samkvæmt 3. gr. laga nr. 103/1994 um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara skulu dreifingar- aðilar samkvæmt 1. gr. laganna, aðrir en þeir sem annast innanlandssölu á olíu í öllum landshlutum, greiða flutningsjöfnunargjaldið við innheimtu aðflutningsgjalda miðað við innflutt móttekið magn. Tollstjórinn í Reykjavík og sýslumenn utan Reykjavíkur annast samkvæmt sömu grein innheimtu gjaldsins og skulu skila því til Flutningsjöfnunarsjóðs olíuvara.

Auglýsing þessi kemur í stað auglýsingar nr. 334/2016.

Byggðastofnun, 20. desember 2016.

Aðalsteinn Þorsteinsson forstjóri.

Arnar Már Elíasson,
formaður stjórnar
Flutningsjöfnunar-
sjóðs olíuvara.